

Nd.

133. Tillaga

til þingsályktunar um undirbúning þegnskylduvinnu.

Flutningsmenn: Magnús Jónsson og Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að rannsaka möguleikana fyrir því að koma hjer á þegnskylduvinnu og undirbúa málið undir næsta þing. Nefndin starfar kauplaust, en stjórninni er heimilt að verja allt að 1000 krónum til kostnaðar við nefndarstörf.

Greinargerð.

Það eru nú full 20 ár síðan þegnskylduvinnumálið var borið fram á Alþingi af Hermanni Jónassyni, og er það ekki nema rjett, að slík mál fái lengi að

búa um sig og meltast áður en þau ná fram að ganga. Málið hefir verið rætt afarmikið og hiti sá, sem í þeim umræðum var oft og einatt, hefir eyðst, og má nú líta rólegar á málið. 1915 var málið tekið upp aftur og fór þá fram atkvæðagreiðsla um það, sem fór á þá leið, að mikill meiri hluti var á móti því. En sú niðurstaða hefir án efa orsakast meðfram af því, að málið var ekki heppilega upp tekið, ekkert fast eða ákveðið að halda sjer að og hugmyndin sett fram á mjög breiðum grundvelli.

Við flutningsmenn litum svo á, að einmitt nú sje hentugi timinn að taka þetta mál upp. Fjárhag ríkisins er svo komið, að ekkert útlit er fyrir, að það geti ráðist í neinar verulegar verklegar framkvæmdir um óákveðinn tíma, en á hinn bóginn bíða hálfgerðir vegir, hafnleysur, ljeleg bæjarhús og svo margt eftir manns-höndinni, og er ómetanlegt tjón að því. Þegnskylduvinnan sýnist vera eina úr-ræðið. Þar er það fje, sem hægst er að leggja fram á tímum eins og þessum, vinnan, sem um leið á að geta, vegna góðrar stjórnar og uppeldisáhrifa, gert menn starfhæfari og endurgoldið þeim svo þann tíma, sem frá þeim hefir verið tekinn.

Á hinn bóginn teljum við ófært að hrapa að nokkru í jafnumfangsmiklu máli og þessu. Rjettast sýnist vera að láta þegnskylduvinnuna byrja í mjög smá-um stíl, byrja á nokkurskonar tilraun, og láta hana svo, ef vel tekst, smám sam-an færast í aukana, og sníður hún sjer þá best sjálf lagastakkinn, eftir því sem hún eykst, þann stakk, sem mjög erfitt er að gera fullkominn í fyrstu.

Við höfðum í hyggju að bera fram frumvarp til laga um þetta efni. En við komumst brátt að raun um, að tíminn var of takmarkaður til þess að gera það svo úr garði, að þingið gæti úr því unnið. En af því að það lýsir best sjálft því, sem fyrir okkur vakir, og á hinn bóginn er gott, að umræður, sem um málið kunna að verða, hafi nokkurnveginn skýran grundvöll, þá birtum við hjer í þessari greinargerð frumvarpið, eins og við höfum gert það úr garði. Má þá öllum verða ljóst, að hjer er engin forynja á ferð, er gleypst geti land og lýð, heldur aðeins meinlaus heimildarlög fyrir þá, sem vildu ríða á vaðið í þessu merkilega máli. Er til þess ætlast, að væntanleg nefnd hefði þetta til hliðsjónar við undirbúning málsins. Hún myndi og kynna sjer þær útlendu fyrirmyndir, sem um er að ræða. En á hinn bóginn er ekki áhersla lögð á einstök atriði, og frv. er sjálfsagt ábótavant í mörgu.

Fylgiskjal.

Frumvarp

til laga um heimild til þess að taka upp þegnskylduvinnu.

1. gr. Sýslunefnd getur ákveðið, að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal allra þeirra í sýslunni, sem kosningarrjett eiga til Alþingis, um það, hvort sýslan skuli sækja um, að þegnskylduvinna skuli upp tekin eftir lögum þessum.

Nú verða að minsta kosti 60 % þeirra, sem atkvæði greiða, með því, og sendir þá sýslumaður stjórnarráðinu umsókn þar að lútandi.

2. gr. Stjórnarráðinu er heimilt að veita fyrst um sinn einni sýslu leyfi til þess að koma á hjá sjer þegnskylduvinnu. Sæki fleiri sýslur en ein, sker stjórnarráðið úr, hverri skuli veitt leyfið.

3. gr. Þegnskyldir eru allir karlmenn, sem eru íslenskir ríkisborgarar og búsettir í sýslunni, um þriggja mánaða skeið á tímanum 1. júní til 30. sept., eftir því sem sýslunefnd ákveðnr. Þegnskylduvinnuna inna menn af hendi á því aldursári, er þeir verða tvítugir fyrir 1. júní, nema þeir fái frestun samkv. 6. og 7. gr.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að konur skuli og þegnskyldar og á hvaða aldri og hve lengi.

4. gr. Hreppsnefnd skal gera skrá um alla þá, sem þegnskyldir verða næsta sumar í hreppnum, og senda sýslumanni fyrir febrúarmánaðarlok. Á þeirri skrá skal telja alla þá, sem tvítugir verða fyrir 1. júní frá jafnlengd árinu áður, og alla þá, sem frestun hafa fengið á þegnskylduvinnu samkv. 6. og 7. gr.

5. gr. Sýslumaður boðar alla þá, sem þegnskyldir eru, saman á einn stað þann dag, sem þegnskyldvinnu hefst. Skal hann þá vera þar sjálfur viðstaddur eða fulltrúi hans, svo og tveir valinkunnir menn, sem sýslunefnd hefir kosið honum til aðstoðar, og læknir.

6. gr. Nú ber einhver fram gildar ástæður fyrir því, að hann eigi mjög erfitt með að inna þegnskylduvinnu af hendi það sumar, sem um getur í 3. gr., og úrskurðar þá sýslumaður og meðráðamenn hans, hvort ástæður hans skuli teknar til greina. Ef þær eru teknar gildar, verður hlutaðeigandi maður þegnskyldur næsta sumar. Með sama hætti má fresta þegnskylduvinnu hans næsta sumar, en í síðasta lagi skal hver maður, sem ekki er með öllu leystur undan þegnskylduvinnu samkv. 7. gr., inna þegnskylduvinnu af hendi það sumar, sem hann er 22 ára orðinn fyrir 1. júní.

7. gr. Læknir skoðar alla þegnskylda, þegar þeir eru saman komnir samkv. 5. gr. Stjórnarráðið getur út reglugerð um, hversu skoðun sje framkvæmd og hver vanheilsa eða líkamslýti nægi til undanþágu. Þeir, sem ekki uppfylla skilyrðin, fá vottorð læknisins um það, að þegnskylduvinnu þeirra skuli frestað til næsta árs eða þeir verði lausir undan þegnskylduvinnu með öllu.

8. gr. Undanfærslur þær, sem um ræðir í 6. gr., geta og farið fram fyrir en þar er ráð fyrir gert. Auglýsir sýslumaður, hvenær umsóknir um frestun á þegnskylduvinnu skuli vera komnar í sínar hendur, og boðar síðan meðráðamenn sína á fund til þess að úrskurða þær. Skal þetta fara fram svo tímanlega, að þeir, sem frestun fá, þurfi ekki að ómaka sig samkv. 5. gr. Sömu leiðis geta menn og fengið vottorð hjeraðslæknis um frestun eða fulla lausn samkv. 7. gr. fyrirfram, og senda þeir þá sýslumanni þau vottorð í tæka tíð.

9. gr. Þegar læknisskoðun er lokið og undanfærslur úrskurðaðar, er öllum þeim, sem þegnskylduvinnu eiga að inna af hendi það sumar, skift í hópa, ef þess þarf, og sendir hver á sinn stað til vinnunnar, og eru þá komnir undir stjórn verkstjóranna.

Nú veikist maður eða fatlast frá vinnu eftir að vinna er hafin og getur ekki, að dómi læknis, tekið upp vinnu aftur það sumar, og telst hann hafa lokið þegnskylduvinnu og fær um það vottorð.

10. gr. Í þegnskyldu má vinna:

1. Öll þau störf innan sýslu, sem almenningsheill varða, svo sem vegagerð, hafnarbætur, símalagning o. fl.
2. Mannvirki fyrir einstaka menn innan sýslu, sem æskilegt þykir að komist í framkvæmd, en hæpið er að vinnist eins fjótt eða vel með öðru móti, svo sem húsagerð, einkum íbúðarhúsa, að svo miklu leyti sem að þeim verður unnið af ólærðum mönnum á handverk o. fl. Stjórnarráðið úrskurðar ágreiningsmál um það, hvað vinna megi samkv. þessari grein.

11. gr. Áhersla skal lögð á það við vinnuna, að kenna sem best vinnubrögð og láta vinnuna fara fram sem þryðilegast. Jafnan skal hefja vinnu að morgni með nokkrum líkamsæfingum og sliku að heræfingasið. Skulu verkstjórar læra það, sem til þess þarf að segja fyrir og stjórna slíkum æfingum.

12. gr. Sýslunefnd ákveður, hvað vinna skuli á hverju sumri. Auglýsir hún með nægum fyrirvara, að þeir, sem vilja láta vinna fyrir sig, skuli senda umsóknir sínar til sýslumanns fyrir sýslufund. Nú sækja fleiri en sýslunefnd telur geta komið til greina, og ganga þeir þá fyrir, sem setja bestar tryggingar fyrir fjárgreiðslum, hafa undirbúið verkið best og yfirleitt að dómi sýslunefndar þykir rjettast að sinna. Geti sýslunefnd ekki skorið úr milli tveggja eða fleiri, ræður hlutkesti. Sæki svo fáir eða verkið, sem vinna á, sje svo lítið, að sýslunefnd telji vinnutap að því að sinna því, getur hún synjað um það.

13. gr. Öll störf, sem unnin eru í þegnskylduvinnu fyrir einstaka menn, skal sá borga, sem unnið er fyrir. Sýslunefnd ákveður borgunina, en ekki skal hún vera hærri en svo, að verkið verði vinnukaupanda verulegum mun ódýrara en ella mundi. Borgunin sje int af hendi í jöfnum afborgunum á 10—20 árum, eftir því sem stjórnarráðið ákveður eftir tillögum sýslunefndar, og 3 % vöxtum. Rennur borgunin í sjerstakan sjóð, er nefnist þegnskyldusjóður og ríkisstjórnin ávaxtar í Landsbankanum, en lögreglustjóri ákveður. Verkið, sem unnið hefir verið, stendur að veði fyrir greiðslum þessum með 2. veðrjetti og aukatryggingu þeirri, sem sýslunefnd tekur gilda. Vinnukaupandi lætur flokkinn hafa ókeypiss fæði, þjónustu og annað uppheldi.

14. gr. Ríkissjóður leggur fyrst um sinn til:

1. Verkstjóra fyrir hvern flokk og launar þeim.
2. Nauðsynlegustu verkfæri og áhöld og tjöld.

3. Verkamannaföt, og skulu þau vera með sama sniði og eins lit fyrir alla. Sjeu erfiðleikar á þessu, skal borga mönnunum fataslit eftir settum reglum.

15. gr. Sýslusjóður sjer þegnskylduvinnumönnum fyrir fæði og þjónustu og öðru uppheldi um vinnutímann, þegar unnið er að opinberum framkvæmdum.

16. gr. Jafnskjótt er þegnskyldusjóður eykst, skal úr þá honum greiða það, sem um ræðir í 14. gr. 2. og 3. lið.

Nú eykst þegnskyldusjóður svo, að hann hefir handbært fje fram yfir það, sem nefnt hefir verið, og veitir þá stjórnarráðið úr honum hagfeld og ódýr lán til efniskaupa handa þeim, sem efnalítir eru og ráðast vilja í framkvæmdir þær, sem vinna má í þegnskylduvinnu, eftir tillögum sýslunefndar.

17. gr. Nú hafa fleiri sýslur en ein tekið upp þegnskylduvinnu, og skal þá hver sýsla hafa sinn reikning við þegnskyldusjóð og ganga fyrir öðrum sýslum um öll not af sjóðnum af sínum parti.

18. gr. Öll þau mannvirki, sem unnin eru í þegnskylduvinnu, hvort heldur fyrir hið opinbera eða einstaka mean, skulu samþykkt af stjórnarráðinu, og lætur það að jafnaði gera uppdrátt að þeim.

19. gr. Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari ákvæði um hvað eina í lögum þessum, sem þörf gerist, og úrskurðar ágreiningsefni og vafaatriði.

20. gr. Lög þessi öðlast gildi.....